



Krabbameinsfélagið

Tillaga til breytinga á lögum Krabbameinsfélags Íslands á aðalfundi 2022

Vegna ákvæða nýrra laga um Almannaheillafélög nr. 110/2021, sem tóku gildi þann 1. nóvember 2021 og umræðu innan félagsins leggur stjórn Krabbameinsfélags Íslands til að gerðar verði svofelldar breytingar á lögum félagsins:

Breyting á 1. grein

Ákvæði 1. greinar hefur verið svohljóðandi:

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Lagt er til að við ákvæðið bætist ný 2. mgr. sem er svohljóðandi:

Ósk um inngöngu í Krabbameinsfélag Íslands skal beina til stjórnar félagsins, sem tekur ákvörðun um hvort skilyrði fyrir aðild séu uppfyllt. Ákvörðun stjórnar um inngöngu skal lögð fyrir aðalfund til staðfestingar.

Þá verði felldur brott síðasti hluti nógildandi 1. mgr. orðin „og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.“

Einnig er lagt til að við ákvæðið bætist ný 3. mgr. sem er svohljóðandi:

Krabbameinsfélag Íslands er félag til almannaheilla og starfar í samræmi við lög 110/2021.

Ákvæði 1. greinar eftir breytingu verði svohljóðandi:

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins.

Ósk um inngöngu í Krabbameinsfélag Íslands skal beina til stjórnar félagsins, sem tekur ákvörðun um hvort skilyrði fyrir aðild séu uppfyllt. Ákvörðun stjórnar um inngöngu skal lögð fyrir aðalfund til staðfestingar.

Krabbameinsfélag Íslands er félag til almannaheilla og starfar í samræmi við lög 110/2121.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Rökstuðningur:

Í 2. mgr. 6. gr. laga um almannaheillafélög er ákvæði um að stjórn félags skuli taka ákvörðun um aðild að félagi sé ekki annað áskilið í samþykktum félagsins. Lagt er til að orðalagi 1. gr. laga KÍ verði breytt þannig að aðildarumsókn skuli leggja fyrir stjórn KÍ, sem gengur úr skugga um að skilyrði aðildar séu uppfyllt. Ákvörðun stjórnar um inngöngu aðildarfélags er síðan lögð fyrir næsta aðalfund til staðfestingar.

Í 3. mgr. er áréttað að starfsemi félagsins sé til almannaheilla og lúti lögum um þau félög.

Breyting á 2. mgr. 3. greinar

Ákvæði 7. tl. 2. mgr. 3. greinar hefur verið svohljóðandi:

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

Lagt er til að við ákvæði 7. tl. 2. mgr. 3. gr. verði bætt orðunum „til eins árs“

Ákvæði 7. tl. 2. mgr. 3. greinar eftir breytingu verði svohljóðandi:

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, og eins til vara, til eins árs.

Rökstuðningur:

Samkvæmt ákvæði í g lið, 1. mgr. 5. gr. um samþykktir almannaheillafélaga þarf að tilgreina kjörtímabil skoðunarmanna í samþykktum.

Breyting á 3. mgr. 3. greinar

Ákvæði 3. mgr. 3. greinar hefur verið svohljóðandi:

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands fulltrúarétt á aðalfundi og starfsmenn KÍ seturétt með málfrelsi.

Lagt er til að seinni málsliður málsgreinarinnar breytist þannig:

Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands, sem ekki eru kjörnir fulltrúar síns aðildarfélags, sem og starfsmenn KÍ seturétt á aðalfundi með málfrelsi.

Ákvæði 3. mgr. 3. greinar eftir breytingu verði svohljóðandi:

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands, sem ekki eru kjörnir fulltrúar síns aðildarfélags, sem og starfsmenn KÍ seturétt á aðalfundi með málfrelsi.

Rökstuðningur:

Þessi breyting hefur í för með sér að stjórnarmenn KÍ hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins nema þeir sitji fundinn sem fulltrúar síns aðildarfélags. Þessi breyting er gerð í samræmi við ákvæði 12. gr. laga um almannaheillafélög þar sem fram kemur að einungis félagsmenn eigi atkvæðarétt í félaginu. Heimilt er að hafa sérstakar reglur um atkvæðisrétt aðildarfélaga eins og fram kemur í fyrri málslið 3. mgr.

Breyting á 4. grein

Ákvæði 4. greinar hefur verið svohljóðandi:

4. gr. Stjórnun.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Stjórn skal skipuð fulltrúum frá aðildarfélögum. Um framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsins skemmst sjö dögum fyrir aðalfund. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund kys stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfundum að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrjú stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins. Stjórn er heimilt að stofna til sjálfstæðra starfseininga innan félagsins um afmarkaða þætti starfseminnar. Stjórn er heimilt að skipa sérstakar stjórnir fyrir slíkar starfseiningar. Ákveði stjórn að stofna slíka starfseiningu ber henni að setja einingunni sérstakar reglur. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Formaður boðar til formannafunda að jafnaði tvisvar á ári, að vori og hausti og eftir þörfum. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum KÍ og aðildarfélaganna á hverjum tíma. Stjórn skal taka ályktanir formannafundar til umræðu á næsta stjórnarfundum eftir formannafund. Stjórn setur frekari reglur um formannafundi.

Lagt er til að ný málsgrein bætist inn í ákvæði 4. greinar um ritun á firma félagsins.

Hún verði svohljóðandi:

Stjórn félagsins ritar firma þess. Stjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra og fjármálastjóra félagsins heimild til að rita firma félagsins.

Einnig er lagt til að í 4. mgr. 4. gr. bætist:

Fjáröflun skal vera á dagskrá formannafunda að minnsta kosti einu sinni á ári.

Hin nýja málsgrein verði 3. mgr. 4. greinar og ný setning bætist við 5. grein.

Ákvæði 4. gr. eftir breytingu verði svohljóðandi:

4. gr. Stjórnun.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Stjórn skal skipuð fulltrúum frá aðildarfélögum. Um framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsins skemmst sjö dögum fyrir aðalfund. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund kys stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfundum að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrjú stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Stjórn félagsins ritar firma þess. Stjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra og fjármálastjóra félagsins heimild til að rita firma félagsins.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins. Stjórn er heimilt að stofna til sjálfstæðra starfseininga innan félagsins um afmarkaða þætti starfseinnar. Stjórn er heimilt að skipa sérstakar stjórnir fyrir slíkar starfseiningar. Ákveði stjórn að stofna slíka starfseiningu ber henni að setja einingunni sérstakar reglur. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Formaður boðar til formannafunda að jafnaði tvisvar á ári, að vori og hausti og eftir þörfum. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum KÍ og aðildarfélaganna á hverjum tíma. Fjáröflun skal vera á dagskrá formannafunda að minnsta kosti einu sinni á ári. Stjórn skal taka ályktanir formannafundar til umræðu á næsta stjórnarfundum eftir formannafund. Stjórn setur frekari reglur um formannafundi.

Rökstuðningur:

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 5. gr. laga um almannaheillafélög skal koma fram í samþykktum félags hverjir rita firma þess.

Fjáröflun sem liður á dagskrá formannafunda er í samræmi við umræðu á formannafundi Krabbameinsfélags Íslands þann 4. apríl 2022 og tengist því að fjáröflunarráð er lagt niður.

Breyting á 6. grein

Ákvæði 6. greinar hefur verið svohljóðandi:

6. gr. Fjármál.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjáröflunar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Krabbameinsfélag Íslands skal eiga varasjóð. Varasjóði Krabbameinsfélags Íslands er ætlað:

a) Að mæta hugsanlegum samdrætti í tekjum.

b) Að vera tryggingarsjóður vegna áfalla sem félagið kann að verða fyrir.

c) Að fjármagna viðamikil verkefni sem aðalfundur ákveður.

Fé er lagt í varasjóð í samræmi við samþykktir aðalfundar. Varasjóð skal byggja upp að því marki að upphæð hans nemi um það bil kostnaði við starfsemi félagsins, sem ekki er samkvæmt samningum við opinbera aðila, í 12 mánuði. Þar til því marki er náð skal ávöxtun varasjóðs bætt við höfuðstól hans. Ráðstöfun fjár úr varasjóði er aðeins heimil með samþykki aðalfundar. Veðsetning varasjóðs, eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma, er óheimil nema með samþykki aðalfundar. Varasjóður skal varðveittur í banka og/eða hjá löggiltu verðbréfafyrirtæki. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun.

Lagt er til að ný málsgrein bætist inn í ákvæði 6. greinar um fjármögnun félagsins.

Hún verði svohljóðandi:

Fjármögnun félagsins byggist á sjálfsaflafé, fjáröflunum og styrkjum frá almenningi og fyrirtækjum, öðrum rekstrartekjum og eftir atvikum greiðslum samkvæmt þjónustusamningum og styrkjum til tiltekinna verkefna.

Hin nýja málsgrein verði 1. mgr. 6. greinar.

Einnig er lagt til að breyting verði gerð á 2. setningu 4. mgr. 6. greinar þannig að felld verði brott orðin „sem ekki er samkvæmt samningum við opinbera aðila.“ og orðinu „starfsemi“ breytt í „meginstarfsemi“.

Setningin verði þá svohljóðandi:

Varasjóð skal byggja upp að því marki að upphæð hans nemi um það bil kostnaði við meginstarfsemi félagsins, í 12 mánuði.

Ákvæði 6. greinar eftir breytingar verði svohljóðandi:

6. gr. Fjármál.

Fjármögnun félagsins byggist á sjálfsaflafé, fjáröflunum og styrkjum frá almenningi og fyrirtækjum, öðrum rekstrartekjum og eftir atvikum greiðslum samkvæmt þjónustusamningum og styrkjum til tiltekinna verkefna.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjáröflunar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Krabbameinsfélag Íslands skal eiga varasjóð. Varasjóði Krabbameinsfélags Íslands er ætlað:

- a) Að mæta hugsanlegum samdrætti í tekjum.*
- b) Að vera tryggingarsjóður vegna áfalla sem félagið kann að verða fyrir.*
- c) Að fjármagna viðamikil verkefni sem aðalfundur ákveður.*

Fé er lagt í varasjóð í samræmi við samþykktir aðalfundar. Varasjóð skal byggja upp að því marki að upphæð hans nemi um það bil kostnaði við meginstarfsemi félagsins, í 12 mánuði. Þar til því marki er náð skal ávöxtun varasjóðs bætt við höfuðstól hans. Ráðstöfun fjár úr varasjóði er aðeins heimil með samþykki aðalfundar. Veðsetning varasjóðs, eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma, er óheimil nema með samþykki aðalfundar. Varasjóður skal varðveittur í banka og/eða hjá löggiltu verðbréfafyrirtæki. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun.

Rökstuðningur:

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 5. gr. laga um almannaheillafélög skal koma fram í samþykktum félags hvernig það er fjármagnað.

Gerð er breyting á 4. mgr. í samræmi við þá breytingu á starfsemi félagsins sem varð þegar skimun færðist frá Krabbameinsfélaginu. Varasjóður þarf að geta staðið undir meginstarfsemi félagsins en þarf ekki að vera stærri en svo.

Breyting á 7. grein

Ákvæði 7. greinar hefur verið svohljóðandi:

7. gr. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu sendar formanni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Skulu þær kynntar í fundarboði.

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi. Aldrei má breyta lögunum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

Lagt er til að 2. mgr., verði breytt og hún verði svohljóðandi:

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/4 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Ákvæði 7. gr. eftir breytingu verði svohljóðandi:

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi. Aldrei má breyta lögunum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

Rökstuðningur:

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um almannaheillafélög þarf minnst 3/4 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi til breytinga á samþykktum félags.